

Umsögn Landssambands eldri borgara - LEB um frumvarp til fjárlaga 2022

Ellilífeyrir hækki samkvæmt lögum.

- Ellilífeyrir hækki um sömu upphæð og almenn laun
- Almenn frítekjumark verði hækkað
- Rekstur hjúkrunarheimila verði tryggður
- Framkvæmdasjóði aldraðra verði ekki veitt bráðbirgaðaleyfi til að taka þátt í rekstri

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að auk leiðréttingar vegna vanáætlunar á yfirstandandi ári skuli ellilífeyrir hækka á árinu 2022 um 3.8%. Sú hækkun nemur um 10.109 kr. á mánuði en á sama tíma verða almennar launahækkanir 17.250 kr. á mánuði.

Það er skýr krafa Landssambands eldri borgara að Alþingi fari að lögum og ellilífeyrir fylgi almennri launaþróun samanber 69. gr. laga nr. 100/2007. Hækkunin bætist við lífeyrinn eftir að upphæð hans hefur verið hækkuð um 0,8% sem er leiðrétting vegna ársins 2021

Með hækkun lífeyris um 0.8% vegna ársins 2021 er viðurkennt að það vantaði 2.054 kr.á mánuði uppá að ellilífeyririnn næði að uppfylla þá ófrávíkjanlegu kröfu laganna að hækkun milli ára sé aldrei lægri en hækkun neysluvísitölu

Ef það verður niðurstaðan að hækkun ellilífeyris verði 3.8% sem svarar til 10.109 kr. hækkunar á mánuði en laun allra gildandi kjarasamninga hækki um 17.250 kr., má ljóst vera að kjaragliðnunin milli ellilífeyris og almennra launa mun enn aukast á næsta ári. Ef horft er til launaþróunar á árunum 2021 og 2022 þá hækka laun samkvæmt kjarasamningum um samtals 33.000 kr. en á sama tíma myndi ellilífeyrir aðeins hækka um 21.481 kr. ef frumvarpið gengur óbreytt fram. Á þessu tveggja ára tímabili myndi þá kjaragliðnun nema 11.518 kr. og ef horft er til þróunar launavísitölu væri gliðnunin enn meiri.

LEB kynnti fyrir Alþingiskosningar öllum stjórn málaflokkum áherslur sínar í 5 efnisatriðum. Þar er efst á blaði að hækka almenna frítekjumarkið í 100.000 kr. enda myndi sú breyting nýtast þeim sem eru með lægstan lífeyrinn vel.

Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að frítekjumark atvinnutekna hækki um 100.000 kr. á mánuði og verði á ársgrundvelli 2.4 milljónir. LEB telur jákvætt að stigið sé skref til að draga úr skerðingum, en leggur þó áherslu á að það telur að hækkun almenna frítekjumarksins sé brýnni og ætti að hafa forgang fram yfir hækkun frítekjumarks atvinnutekna. Hafa verður í huga að boðuð breyting í frumvarpinu hefur mjög takmörkuð áhrif á afkomu lífeyristaka þar sem einungis um 10% ellilífeyristaka hafa einhverjar atvinnutekjur og þar af er meirihlutinn með tekjur undir núverandi frítekjumarki, 100 þús. kr. á mánuði.

LEB krefst þess að rekstur hjúkrunarheimila verði tryggður og þeim gert kleyft að veita þá þjónustu sem elsta og veikasta fólkið okkar á rétt til samkvæmt gildandi lögum. Ekki er hægt að sjá í frumvarpinu að verið sé að taka á miklum og viðvarandi rekstarvanda hjúkrunarheimila um land allt.

LEB leggst alfarið gegn því að bráðabirgðaákvæði um heimild til að nýta fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra til reksturs verði framlengt, enda augljós þörf á stóru auknu fjármagni í nýframkvæmdir.

f.h. LEB – Landssamband eldri borgara



Helgi Pétursson formaður

LEB – Landssamband eldri borgara

Ármúli 6 | 108 Reykjavík | S: 5677111
leb@leb.is | www.leb.is



Fróðleiksmolar vegna umsagnar um fjárlagafrumvarp 2022

Þróunin 2017-2021:

Verðlag hækkaði um	13,7%	
Lágmarkslaun hækkuðu um	25,4%	(Úr 280 þús. í 351 þús.)
Launavísitala hækkaði um	28,6%	
Ellilífeyrir hækkaði um	16,3%	(Úr 228.734 kr. í 266.030 kr.)

Kaupmátturinn:

Kaupmáttur lágmarkslauna jókst um	10,3%
Að meðaltali jókst kaupmáttur launa um	13,61%
Kaupmáttur ellilífeyris jókst um	2,3%

Ef ellilífeyririnn hefði haldið í við lágmarkslaunin frá 2017 þá væri hann nú í ár 286.832 kr. eða 20.802 kr. (7,8%) hærri en hann er.

Nú er viðurkennt að í ár vantaði 0,8% eða kr. 2.054 á mánuði upp á að ellilífeyririnn næði að uppfylla þá ófrávíkjanlegu kröfu laganna að hækkun milli ára sé aldrei lægri en hækkun framfærsluvísitölu. Viðskiptavinir TR þekkja það að ef þeim skeikar í tekjuáætlunini þannig að þeir fái ofgreitt, þá eru þeir látnir endurgreiða hverja krónu. Maður skyldi ætla að sama ætti að gilda á hinn veginn, þegar ríkið vanáætlar lífeyrinn, að þá yrði greidd viðbót en það stendur ekki til að gera skv. fjárlagafrumvarpinu. Það sem vangreitt var á þessu ári verður ekki bætt, en 0,8 prósentin eiga þó að koma inn á næsta ári, - einu ári of seint.

Krafa okkar

2022 fara lágmarkslaunin í kr. 368 þús., hækka um 17 þús. kr. eða 4,8%.Krafa okkar er að þessi sama krónutöluhækkun, 17 þús. kr., komi ofan á upphæð lífeyrisins EFTIR að upphæð hans hefur verið hækkuð um 0,8 prósentin sem á vantaði í ár.

Þ.e.: 266.030 + 2.054 = 268.084; plús 17.000 gerir 285.084.

Samtals hækkun frá upphæð ársins 2021 um 19.054 kr. eða 7,2%

Skýringar Hagstofu við launavísitölu:

„Launavísitala er mánaðarleg verðvísitala sem er reiknuð og birt á grundvelli laga nr. 89/1989. Vísitala fyrir vinnumarkaðinn í heild sinni hefur verið birt frá janúar 1989. Í frumvarpi með lögnum er kveðið á um að mældar skuli breytingar allra launapátta en tekið er fram að ekki sé ætlast til að breytingar á vinnutíma og samsetningu hans hafi áhrif á launavísitöluna, nema ef um sé að ræða samningsbundnar breytingar sem jafna má til launabreytinga. Við framkvæmd mælinga hefur því verið stuðst við það sjónarmið lögjafans að um sé að ræða verðvísitölu launa, án launakostnaðar, þar sem vinnutíma og samsetningu hópsins sem liggur að baki útreikningum er haldið föstum á milli mælinga til að endurspeglar launabróun í landinu.“

Þetta er athyglivert í ljósi þess að fjármálaráðuneytið telur ekki eiga við að nota launavísitöluna til að "taka mið af launabróun" þegar hækkun ellilífeyris milli ára er ákveðin, heldur þurfi að skera utan af henni eftir einhverjum óljósum viðmiðum og skálda upp eitthvað sem kallað er „meðaltaxtahækkun á vinnumarkaðnum í heild.“

Ákvæðið í 69. gr. almannatryggingarlaganna

„Bætur almannatrygginga, (...), skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“